

A 1770/præsídiet

Flytjandi	Forsætisnefndin
Afgreiðsla	Forsætisnefndin

Forsætisnefndartillaga um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að eftirfarandi greinum í Starfsreglum Norðurlandaráðs verði þannig breytt frá og með 1. janúar 2019 að þær hljóði svo:

39. gr. Fundargögn

Fundarboð skulu send út með mánaðar fyrirvara. Fundardagskrá og fundargögn skulu liggja fyrir öllum hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn.

22. gr. Nefndarskipan

Forsætisnefnd er skipuð forseta, varaforseta og allt að 13 öðrum kjörnum fulltrúum. Öll lönd og allir flokkahópar skulu eiga þar fulltrúa.

Bakgrunnur

Forsætisnefndin ákvað á fundi sínum 27. júní 2018 að fela framkvæmdastjóra ráðsins að halda áfram starfi skrifstofu ráðsins sem felst í því að grynka á stöflum fundargagna svo og að auðvelda og einfalda alla skjalavinnslu. Á þeim grundvelli skyldi hún vinna tillögu að breytingum á starfsreglum sem tekin yrði ákvörðun um á 70. þingi ráðsins.

Ákvörðun þessa ber að skoða í ljósi umfjöllunar ráðsins um tungumál í Norðurlandaráði og þýðingar á fundargögnum.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin telur að breyta þurfi 39. grein um fundargögn í því skyni að einfalda fundargögn á þá leið að fulltrúar fái aðgang að fundargögnum fyrr en nú tíðkast, þ.e. í tvær vikur í stað einnar viku fyrir fund.

Forsætisnefndin telur að breyta þurfi 22. grein um nefndarskipan forsætisnefndar á þá leið að skýrar sé kveðið á um fjölda forsætisnefndarmanna sem er fimmtán.



Forsætisnefndin telur breytingar þessar til bóta, að þær muni einfalda og skýra starfs-
hætti og ættu að taka gildi þegar 1. janúar 2019.

Nuuk, 13. september 2018

Annette Lind (S)

Bertel Haarder (V)

Christian Juhl (EL)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Mikael Staffas (Lib)

Mikkel Dencker (DF)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Phia Andersson (S)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Staffan Danielsson (C)

Wille Rydman (saml)